

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um mat á öryggi ríkja.

Frá Birni Leví Gunnarssyni.

- Hvernig fer mat á öryggi ríkja fram og hvaða verklagsreglur gilda um slíkt mat, sbr. lista yfir örugg ríki á vef Útlendingastofnunar?
- Hver framkvæmir mat á öryggi ríkja og hvenær fór slíkt mat fram síðast? Svar óskast sundurliðað eftir ríkjum.
- Við hvaða heimildir er helst stuðst við þegar ríki er metið öruggt eða óöruggt? Svar óskast sundurliðað eftir ríkjum.
- Er ástand og öryggi innan hælisleitendakerfis ríkis tekið til greina þegar mat á öryggi þess í heild er framkvæmt?
- Hvernig er metið hvort hælisleitendakerfi ríkis sé í stakk búið til að taka við endursendingum frá öðru ríki?

Skriflegt svar óskast.